


SKEFTISSMIÐUR STÓRHÖFÐINGJA

ENGILBERT MARÍUS ÓLAFSSON, MYNDSKERI OG BYSSUSMIÐUR, VANN LUNGAN ÚR STARFSÆVI SINNI Í BANDARÍKJUNUM. ÞAR VANN HANN VIÐ AÐ SÉRSMÍÐA BYSSUR HJÁ ÞEKKTUM BYSSUSMIÐJUM EINS OG WEATHERBY OG PACHMAYR. EINNIG STARFAÐI HANN SJÁLFSTÆTT Á EIGIN VERKSTÆÐI VIÐ SKEFTISSMÍÐI Í KALIFORNÍU. ENGILBERT SMÍÐAÐI BYSSUR FYRIR ÞJÓÐHÖFÐINGJA Á BORD VIÐ ÍRANSKEISARA OG FLEIRI STÓRMENNI EN EINNIG SKOTVOPNAEIGENDUR SEM VILDU FÁ GÆÐASKEFTI Á BYSSURNAR SÍNAR. NOKKUR SKEFTI SEM ENGILBERT SMÍÐAÐI OG VERKFÆRIN HANS ERU NÚ Á SKÓGASAFNI UNDIR EYJAFJÖLLUM.



Höfundur: Guðni Einarsson

Ljósmyndir: Ken Georgi, Guðni Einarsson og úr einkasafni

Engilbert Marius Ólafsson fæddist að Álftarhóli í Austur-Landeyjum þann 24. febrúar 1914. Hann lést í Reykjavík 18. febrúar 1989, tæplega 75 ára gamall. Engilbert var frá íslensku sveitarheimili og þriðja barn foreldra sinna en þau eignuðust tólf börn. Hann var vel gefinn til munns og handa en fékk ekki tækifæri til að mennta sig eins og hugur hans stóð til fyrr en hann var kominn á þritugsaldur. Engilbert fór til náms við Bændaskólann á Hvanneyri árið 1939, orðinn 25 ára gamall. Hann lauk búfræðináminu tveimur árum síðar með hæstu einkunn og hlaut fjölda verðlauna fyrir góðan námsárangur, þrátt fyrir að hann ætti skemmri skólagöngu að baki en skólafélagar hans.

Hugur Engilberts stóð ekki til bústarfa heldur til handverks því hann var mjög hagur, einkum á tré. Hann fór til náms í myndskurði hjá Marteini Guðmundssyni tréskurðarmeistara árið 1942. Við útskrift úr Iðnskólanum í Reykjavík vorið 1944 var Engilbert Ólafsson tréskeri hæstur yfir skólann með 9,64. Engilbert fór til Svíþjóðar árið 1947 til frekara náms í listiðnskóla í Västervik í Svíþjóð og lauk þaðan meistaraprófi í tréskurði. Meistarastykki Engilberts var fagurlega skreytt trékista með myndum úr norrænni goðafræði. Kistan þykir einstakur kjörgripur og listilega vel gerð.

Engilbert sneri aftur heim að loknu meistaránáminu og vann í nokkur ár hjá Marteini myndskera. Árið 1952 fluttist Engilbert vestur um haf. Hann var fyrst hjá Katrínu, systur sinni en hún og maður hennar bjuggu á stórum búgarði í Norður-Dakóta í Bandaríkjunum. Þaðan lá leið Engilberts til Los Angeles

VANN HJÁ WEATHERBY OG PACHMAYR

Í Los Angeles fór Engilbert að vinna hjá Roy Weatherby, sem var þekktur frumkvöðull á sviði byssusmíði og höfundur margra kraftmikilla riffilskoðhyllja. Hjá Weatherby Rifle Company fékkst Engilbert við skeftissmíði og skreytingar riffilskefta í sérsmiðadeild fyrirtækisins. Frægt var þegar hann sérsmiðaði skefti á riffil fyrir



Reza Pahlavi Íranskeisara.

Íranskeisari var mjög hrifinn af skeftinu og kom ásamt

Lyndon B. Johnson, forseta Bandaríkjanna, á

verkstæðið þar sem Engilbert vann. Þeir fylgdust með Engilbert við vinnu sína og þakkaði Íranskeisari Engilbert sérstaklega fyrir vandaða vinnu við riffilskeftið. Ekki þótti þó við hæfi að Engilbert mátaði sjálfur skeftið á hans hátign en hann fékk að vera viðstaddur og taka við athugasemdum keisarans um hvernig skeftið passaði. Einnig vann Engilbert hjá Pachmayr Gun Works sem hefur sérhæft sig í smíði skefta og ýmissa aukahluta fyrir byssur.

Jóhann Vilhjálmsson, byssusmiður, vakti athygli mína á merki- legum lífsferli Engilberts heitins myndskera og því að í Skógasafni væru munir úr hans fórum. Þar eru þrjú riffilskefti sem Engilbert heitinn smíðaði og skreytti. Einnig eru þar tréskurðarverkfæri úr fórum Engilberts. Ættingjar og vinir Engilberts gáfu Skógasafni þessa gripi.

NAFN ENGILBERTS ER EKKI GLEYMT VESTRA

Leit á veraldarvefnum leiddi í ljós að bandarískir áhugamenn um vel smíðaðar byssur minnst enn Engilberts fyrir vandvirk vinnubrögð og ljúfmennsku hans. Nafn hans hefur m.a. borið á góma í spjalli þáttakenda á umræðuvefnum doublegunshop.com.

Hér skal aðeins gripið niður í spjallið og má geta þess að það er gert með leyfi höfunda.

Bob Tyler kynntist Engilbert á árunum 1972-73. Hann bjó þá á Long Beach í Kaliforníu og vann í skotvopnaversluninni Thompson's Sporting Goods meðfram háskólanámi í Kaliforníuháskóla. Hann komst að því að sumir viðskiptavinanna höfðu áður unnið hjá Weatherby verksmiðjunni. Þetta voru mennirnir sem handsmiðuðu Weatherby riffla á sjötta og í byrjun sjöunda áratugar 20. aldarinnar. Í þeirra hópi var Íslendingurinn Engilbert „Ole“ Ólafsson. Tyler kveðst síðar hafa áttað sig á því að þessir menn merktu sér ekki smíðisgripina og eru flestum gleymdir í dag. Tyler kynntist Engilbert og fyrrum vinnufélaga hans hjá Weatherby, Michael Chang, talsvert vel. Hann dáðist að færni þeirra og vandvirkni.

„Engilbert var færasti smiður sem ég hef nokkru sinni kynnst. Skeftissmiðin hans var alveg fullkomin,” segir Tyler Hann kvaðst oft hafa komið á verkstæði Engilberts sem var við 3. stræti niðri í bæ í Long Beach, milli Long Beach Boulevard og Atlantic. Engilbert smíðaði skefti á marga vandaða riffla, einskota og fjölskota, margar haglabyssur og nokkrar skammbyssur auk þess sem hann setti skeftispúða á hundruð skotvopna.

„Þar var hann að leggja lokahönd á haglabyssur frá Pachmayr Gun Works. Sumar þessar byssur voru alveg einstakar! Parker haglabyssur í hæsta gæðaflokki, Holland & Holland og svo mætti telja. Ole var frá Íslandi. Hann var mjög hávaxinn og talaði með sterkum íslenskum hreim.“

Tyler segir að hefilbekkurinn á verkstæði Engilberts sé sér minnisstæður. Þetta var þungur hefilbekkur úr tré og á öðrum endanum var stafli af tréskurðarjárnnum. Hvert verkfæri var með skefti úr ljósum viði og upphafsstafirnir EO skornir í skeftið. Skurðblöðin á verkfærunum voru vandlega brýnd á slípihjólí svo þau glönsuðu og bitu eins og rakvélarblöð. Engilbert var hávaxinn og mjög handstór, engu að síður lék tréskurðurinn í höndum hans svo hann var eins og flinkasti skurðlæknir.

„Ég horfði á hann taka úr skefti fyrir tvíhleyptri kinnalásbyssu og eftir að hann mátaði byssuna í skeftið tók hann eitt skurðarjárníð og skóf nákvæmlega blaðpunna sneið úr valhnotunni. Þegar því var lokið féll byssan nákvæmlega í skeftið svo hvergi sást missmið á,” skrifar Tyler. Engilbert sagði Tyler frá viðskiptavini sem kom með evrópska haglabyssu og vildi fá skefti sem byssan félli nákvæmlega



Engilbert við vinnu sína á verkstæðinu.



Lyndon B. Johnson og Írlandskeisari fylgjast með Engilbert við vinnu sína.

í að innanverðu, ekki bara þar sem sást á byssunni utanverðri. Þegar eigandinn



Verkfæri Engilberts og nokkur skefti eru á Skógarsafni.

kom að sækja byssuna þurfti Engilbert að taka láskinnarnar af til að sýna honum hve nákvæmlega byssan féll að skeftinu.

Engilbert var líka snillingur í að setja saman og gera við brotin skefti. Stundum heppnaðist viðgerðin svo vel að það var ómögulegt að sjá að skeftið hefði brotnað. Þá dáðist Tyler að færni Engilberts með tréskurðarjárnin. Þegar hann var búinn að grófmóta skefti þá var yfirborðið svo slétt og fellt að það þurfti aðeins að slípa það lítillega áður en skeftið var yfirborðsmeðhöndlað. Tyler sagði að orðin “Ya, ve vill get to it right away” (með sterkum íslenskum hreim) hafi verið Engilbert töm í munni.

Tyler segir að Engilbert hafi verið einkar flinkur í að setja demantslaga skreytingar sem voru einkennismerki Weatherby í

skefti veiðiriffla með boltalás. Hann fylgdist oft með Engilbert ganga frá slíkum skreytingum.

Engilbert átti alltaf fágætur viðartegundir til að skreyta skeftin með og skeyta við skeftin.


LAKKAÐI ÖLL SKEFTIN

Annað sem Engilbert lærði hjá Weatherby og fylgdi honum alla ævi var að lakka skeftin með polyurethane lakki. „Ég sá Ole aldrei nota annað á skeftin en hann gat líkt eftir hvaða yfirborðsmeðferð sem var með lakkinu. Hann gat haft það með háglans í anda Weatherby eða með mattri áferð eins og það hafi verið handfægt eða með hvaða gljástigi sem var þar á milli. En það var allt polyurethane lakk og ég verð að segja honum til hróss að ég sá lakkið aldrei springa eða brotna upp.“

Max Gera, sem var þekktur byssusmiður og sumir segja að hafi fundið upp svo nefnda AutoMag skammbyssu (.44 Magnum), vann einnig hjá Pachmayr líkt og Engilbert. Gera setti upp eigin vinnustofu og var með marga menn í vinnu við að sérsníða tvíhleypta riffla fyrir flest algengustu kaliber. Lášúsin voru fræst úr 8620L stáli og Engilbert Ólafsson smíðaði skeftin.

Ken Georgi er annar sem minnst Engilberts. Hann var svo vinsamlegur að leyfa afnot af myndum sem hann tók af skefti sem Engilbert smíðaði. Það var á riffli sem Georgi keypti og þegar hann tók riffilinn úr skeftinu blasti við merkingin E. OLAFSSON. Georgi segir að skeftið sé listavel smíðað og bæði passi rifflinum mjög vel og líti vel út.

Einn sem skrifar ummæli við þráð Georgi kveðst oft hafa heimsótt verkstæði Engilberts á Long Beach. „Hann var meistaraskeftissmiður á þeim tíma þegar tréskefti voru vinsælust. Skeftin hans voru fallegir listagripir. Hann var með fullt herbergi af skeftisefni og eins og mig minnir þá þurfti maður ekki að veðsetja húsið til þess að láta smíða byssu. Ég á þrjá riffla



með skeftum eftir hann. Ég varð ekki var við neina málmsmiði á verkstæðinu hans á 8. áratugnum.“

Þeir sem þekktu listasmíðinn og tréskurðarmeistarann Engilbert Marius Ólafsson eru á einu máli um að hann hafi verið hógvær og litillátur. Lítið gumað af frama sínum og afrekum. Mörg verka hans voru merkt meistara hans og sama gildir um öll skeftin sem hann smíðaði meðan hann vann hjá Weatherby og Pachmayr, þau voru ómerkt höfundu sínum.

Engilbert bjó í Bandaríkjunum allt til ársins 1987. Þá sneri hann aftur heim til fósturjarðarinnar og var farinn að kenna þess meins sem dró hann að lokum til dauða.

HEIMILDIR:

Double Gun BBS (doublegunshop.com): Stock Maker Engilbert Olafsson; Unnamed Workmen. Grétar Eiríksson, minningargrein, Morgunblaðið 2. mars 1989. Vísir. Uppsögn lönskólans. 3. maí 1944. Þórir Sigurðsson. Engilbert Marius Ólafsson myndskeri. Hugur og hönd, 1999.

Opið allt árið !

Sumartími: mán-lau: 9:00-22:00 • sun: 10:00-22:00.
Vetrartími: mán-fös: 9:00-21:00 • lau: 9:00-20:00 • sun: 10:00-21:00



Skotveiðimenn

hvort sem þið eruð á leiðinni á hreindýr, gæs, rjúpu er alltaf gott að stoppa í Baulunni

þjónusta í þjóðbraut!



Sími 435 1440 • www.baulan.is